

- A. Öll fiskiskip skulu tilkynna, með mest 12 klukkustunda fyrirvara en minnst 6 klukkustunda fyrirvara, um komu sína inn í efnahagslögsögu Íslands og láta í té upplýsingar um aflann um borð.
- B. Öll fiskiskip skulu tilkynna daglega, milli klukkan tíu fyrir hádegi og tólf á hádegi á meðan þau eru innan efnahagslögsögu Íslands, um staðsetningu sína og láta í té upplýsingar um aflann undangengnar 24 klukkustundir.
- C. Þegar skip siglir út úr efnahagslögsögu Íslands ber að tilkynna það og láta í té upplýsingar um allan afla um borð.
4. Fara skal að með sérstakri gát ef skip eru þétt saman að veiðum á fiskveiðisvæði. Sýna ber hringnótaskipum sérstaka tillitssemi.
- A. Each fishing vessel shall, at a notice of 12 hours maximum but 6 hours minimum, notify of its arrival into the Icelandic Economic Zone and provide information on the catch onboard.
- B. Each fishing vessel shall notify daily between 10 a.m. and 12 noon, while within the Icelandic Economic Zone, of the vessel's position and provide information on the last 24 hours' catch.
- C. A notification shall be given when a vessel sails out of the Icelandic Economic Zone and information shall be provided on the total catch onboard.
4. In case of high density of fishing vessels in a fishing area, the fishing operations shall be carried out with particular caution. Special consideration shall be shown towards purse seine fishing vessels.

London, 9. nóvember 2001.

London, 9 November 2001.

Fyrir hönd sendi-  
nefndar Íslands: Fyrir hönd sendinefndar  
Rússneska  
sambandsríkisins:  
*Tómas H. Heiðar* *Yuri Arsentjev*

For the Delegation  
of Iceland: For the Delegation  
of the Russian  
Federation:  
*Tómas H. Heiðar* *Yuri Arsentjev*

## AUGLÝSING

### um gildistöku bókana við samþykkt um alþjóðaflugmál.

Bókun um breytingu á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 7. desember 1944, sem gerð var í Montreal 30. september 1977, öðlaðist gildi 17. ágúst 1999 og bókun um gildan texta samþykktarinnar á fjórum tungumálum, sem gerð var í Montreal sama dag, öðlaðist gildi 16. september 1999, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 49 og 50, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1979, þar sem bókarnir eru birtar, 1/1981, 1/1988, 10/1990 og 21/1992.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*